



Upplýsingaöryggisstefna landskjörstjórnar

TILGANGUR

Landskjörstjórn leggur áherslu á upplýsingaöryggi og örugga meðferð gagna og upplýsinga í vörslu landskjörstjórnar. Landskjörstjórn vinnur með gögn af ýmsum toga við undirbúning og framkvæmd kosninga.

MARKMIÐ

Markmið þessarar stefnu er að verja starfsemi landskjörstjórnar bæði fyrir ytri og innri ógnunum, hvort sem þær megi rekja til ásetnings, gáleysis eða óhapps. Það er gert í þeim tilgangi að lágmarka hættu á óviljandi eða ólögumætri eyðingu gagna eða hættu á að upplýsingar glatist, breytist, verði birtar eða heimildarlaus aðgangur veittur að þeim. Markmið stefnunnar er jafnframt:

- að upplýsingar séu réttar og tiltækar þeim sem aðgangsheimildir hafa þegar þörf er á,
- að trúnaðarupplýsingar séu varðar gegn óviðkomandi aðgangi,
- að trúnaði sé viðhaldið þegar við á,
- að heilindi upplýsinga séu tryggð, þ.e. að upplýsingum sé ekki breytt eða þær aflagaðar nema tilefni sé til og af þar til bærum aðila,
- að gögn landskjörstjórnar séu tryggilega varin gegn skemmdum, eyðingu eða breytingum af ásetningi eða gáleysi,
- að tryggja að lögum og að viðeigandi tilmælum og reglum sé fylgt,
- að tryggja að staðfest og grunuð öryggisbrot séu tilkynnt, rannsökuð, skjöluð á viðeigandi hátt og við þeim brugðist, sbr. leiðbeiningar Persónuverndar um [öryggisbrot](#).

STEFNA

Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ber á byrgð á að upplýsingaöryggisstefna landskjörstjórnar sé kynnt fyrir starfsfólki landskjörstjórnar sem ber að haga störfum sínum í samræmi við hana. Þá skal á grundvelli stefnunnar setja verklagsreglur um notkun þeirra upplýsingakerfa sem notuð eru í starfsemi. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að slíkar reglur séu til staðar, þær séu kynntar fyrir starfsfólki og aðgengilegar á innri vef landskjörstjórnar.

Upplýsingaöryggisstefna landskjörstjórnar gerir þær kröfur að þjónustuaðilar hennar hlíti ISO/IEC 27001 eða sambærilegum viðurkenndum öryggisstöðlum og séu þannig með stjórnkerfi um upplýsingaöryggi sem er grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa samkvæmt kröfum ISO 27001.

Upplýsingaöryggisstefnan skal endurskoðuð á tveggja ára fresti eða ef breytingar hafa orðið á starfsumhverfi landskjörstjórnar. Stefnan skal tekin fyrir af og samþykkt af landskjörstjórn.